

**1992 nr. 87 17. nóvember****Lög um gjaldeyrismál**

**Tóku gildi 23. nóvember 1992.** *EES-samningurinn*: XII. viðauki tilskipun 88/361/EBE. *Breytt með* l. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998), l. 128/1999 (tóku gildi 1. febr. 2000; *EES-samningurinn*: IX. viðauki tilskipun 97/5/EB), l. 134/2008 (tóku gildi 28. nóv. 2008), l. 27/2009 (tóku gildi 1. apríl 2009), l. 73/2009 (tóku gildi 14. júlí 2009), l. 98/2009 (tóku gildi 1. okt. 2009 nema 69. og 70. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2010), l. 78/2010 (tóku gildi 30. júní 2010), l. 81/2011 (tóku gildi 29. júní 2011), l. 120/2011 (tóku gildi 1. des. 2011; *EES-samningurinn*: IX. viðauki tilskipun 2007/64/EB), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), l. 127/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), l. 17/2012 (tóku gildi 13. mars 2012), l. 21/2012 (tóku gildi 16. mars 2012), l. 16/2013 (tóku gildi 11. mars 2013), l. 35/2013 (tóku gildi 5. apríl 2013) og l. 67/2014 (tóku gildi 6. júní 2014).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Innlendur aðili merkir:

1. sérhvern mann sem hefur fasta búsetu hér á landi samkvæmt lögum um lögheimili án tillits til ríkisfangs; sama á við um íslenskan ríkisborgara og skyldulið hans sem hefur búsetu erlendis en gegnir störfum þar á vegum íslenska ríkisins við sendiráð, fastanefnd eða ræðismannsskrifstofu og tekur laun úr ríkissjóði eða er starfsmaður alþjóðastofnunar sem Ísland er aðili að;

2. sérhvern lögaðila sem skráður er til heimilis hér á landi á lögmæltan hátt, telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi; hérlend útibú lögaðila, sem heimili eiga erlendis, teljast til innlendra aðila.

Erlendur aðili merkir alla aðra aðila en innlenda.

Innlendur gjaldeyrir merkir íslenska peningaseðla, slegna peninga, tékka og aðrar ávísanir, víxla og önnur greiðslufyrirmæli sem hljóða upp á greiðslu í íslenskum krónum, minnispeninga, gull, silfur og aðra dýra málma ef þeir eru notaðir sem gjaldmiðill í viðskiptum hér á landi.

Erlendur gjaldeyrir merkir erlenda peningaseðla, slegna peninga, tékka og aðrar ávísanir, víxla og önnur greiðslufyrirmæli sem hljóða upp á greiðslu í erlendri mynt, minnispeninga, gull, silfur og aðra dýra málma ef þeir eru notaðir sem gjaldmiðill í viðskiptum erlendis.

Gjaldeyrisviðskipti merkja það að skipta innlendum gjaldeyri fyrir erlendan, erlendum gjaldeyri fyrir innlendan eða einum erlendum gjaldeyri fyrir annan eða reikningsviðskipti sem eru ígildi þess að erlendur gjaldeyrir sé látinn af hendi eða móttækinn.

[Fjármagnshreyfingar á milli landa merkja yfirfærslu eða flutning á fjármunum milli landa og yfirfærslu eða flutning á fjármunum milli innlendra og erlendra aðila sem tengjast:]<sup>1)</sup>

1. beinum fjárfestingum,
2. útgáfu á og viðskiptum með hlutabréf, skuldabréf, víxla, hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða og önnur langtímaeða skammtímaverðbréf,
3. lánveitingum, lántökum og greiðslu eða móttöku af borgana af lánnum,
4. veitingu ábyrgða og hvers konar greiðslutrygginga,
5. opnun bankareikninga og notkun þeirra,
6. framvirkum viðskiptum, viðskiptum með valrétt (valkvæðum viðskiptum) og gjaldmiðla- og vaxtaskiptum,
7. yfirfærslu á fjármunum einstaklinga og fjölskyldna.

Skammtímahreyfingar fjármagns merkja fjármagnshreyfingar milli landa sem tengjast:

1. útgáfu á og viðskiptum með skuldabréf og víxla með lokagjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi og önnur slík skammtímaverðbréf,

2. útgáfu á og viðskiptum með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum,

3. lánveitingum og lántökum til skemmri tíma en eins árs,

4. innleggi á og úttekt af reikningum í innlánsstofnunum.

Jafnframt teljast til skammtímahreyfinga fjármagns inn- og útflutningur skammtímaverðbréfa og önnur hliðstæð viðskipti.

Langtímahreyfingar fjármagns merkja allar aðrar fjármagnshreyfingar en skammtímahreyfingar fjármagns.

Bein fjárfesting merkir fjárframlag eða annað framlag til eigin fjár atvinnufyrirtækis eða kaup á eignarhlut til að öðlast virk áhrif á stjórn þess. Langtímalán frá eigendum fyrirtækis til fyrirtækisins teljast einnig bein fjárfesting.

Óbein fjárfesting merkir alla aðra fjárfestingu en beina fjárfestingu, einkum fjárfestingu í verðbréfum sem er fyrst og fremst til þess ætluð að ávaxta fé en ekki til að öðlast virk áhrif á stjórn fyrirtækis.

Innlend verðbréf merkja hvers konar framseljanleg kröfuréttindi sem innlendur aðili gefur út, svo sem hlutabréf, arðmiða, skuldabréf, vaxtamiða, hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðrum eignum en fasteignum eða einstökum lausafjármunum.

Erlend verðbréf merkja hvers konar framseljanleg kröfuréttindi sem erlendur aðili gefur út, svo sem hlutabréf, arðmiða, skuldabréf, vaxtamiða, hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðrum eignum en fasteignum eða einstökum lausafjármunum.

<sup>1)</sup> L. 127/2011, 1. gr.

■ **2. gr.** Gjaldeyrisviðskipti vegna inn- og útflutnings vöru og þjónustu skulu vera óheft, svo og fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra, nema annað sé ákveðið í lögum.

■ **3. gr.** Seðlabanka Íslands er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., að ákveða að höfðu samráði við [ráðuneytið]<sup>1)</sup> að takmarka eða stöðva í allt að sex mánuði einhverja eða alla eftirtalda flokka fjármagnshreyfinga ef skammtímahreyfingar fjármagns til og frá landinu valda að mati bankans óstöðugleika í gengis- og peningamálum:

1. Viðskipti með skammtímaverðbréf.
2. Innlegg á og úttektir af reikningum í innlánsstofnunum.
3. Viðskipti með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum.
4. Lánveitingar og lántökur til skemmri tíma en eins árs sem ekki tengjast milliríkjavíðskiptum með vöru og þjónustu.

5. Inn- og útflutningur skammtímaverðbréfa og innlends og erlends gjaldeyris.

6. Aðrar skammtímahreyfingar fjármagns hliðstæðar þeim sem taldar eru upp í 1.–5. tölul.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 169. gr.

■ **4. gr.** [Ráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., að ákveða í reglugerð að takmarkanir gildi um gjaldeyrisviðskipti vegna einhverra eða allra eftirtalinnna flokka fjármagnshreyfinga, enda sé gætt ákvæða laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, laga um eignarétt og afnotarétt fasteigna og alþjóðlegra samninga sem Ísland er aðili að:

1. Beinir fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi.

2. Viðskipti erlendra aðila með hlutabréf í innlendum fyrirtækjum.

3. Fasteignakaup erlendra aðila hér á landi.

□ Slíkar takmarkanir mega þó ekki ná til flutnings fjár í eigu erlends aðila frá landinu við sölu á eignarhlut eða slit atvinnufyrirtækis eða sölu fasteignar hér á landi.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 169. gr.

■ **5. gr.** Ráðherra er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. gr., að ákveða í reglugerð að til og með 31. desember 1994 gildi takmarkanir um einhverja eða alla af eftirtöldum flokkum fjármagnshreyfinga:

1. Viðskipti innlendra aðila með skuldabréf og víxla í erlendri mynt með gjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi og útgáfu þessara aðila á slíkum verðbréfum erlendis.

2. Viðskipti erlendra aðila með innlend skuldabréf og víxla í íslenskum krónum með gjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi og útgáfu þessara aðila á slíkum verðbréfum hér á landi.

3. Útgáfa á skuldabréfum og víxlum í íslenskum krónum erlendis með gjalddaga allt að einu ári frá útgáfudegi.

4. Viðskipti með hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða sem fjárfesta í skammtímaverðbréfum.

5. Lánveitingar og lántökur til skemmri tíma en eins árs sem ekki tengjast milliríkjavíðskiptum með vöru eða þjónustu.

6. Innlegg á og úttektir af reikningum í innlánsstofnunum.

7. Inn- og útflutning skammtímaverðbréfa, peningaseðla og sleginna peninga.

8. Aðrar skammtímahreyfingar fjármagns hliðstæðar þeim sem taldar eru upp í 1.–7. tölul.

9. Framvirk viðskipti, viðskipti með valrétt, gjaldmiðla- og vaxtaskipti og önnur skyld gjaldeyrisviðskipti þar sem krónan er annar eða einn gjaldmiðlanna.

□ Ráðherra er jafnframt heimilt að ákveða í reglugerð reglur um sölu- og skilaskyldu erlends gjaldeyris sem innlendir aðilar eignast fyrir seldar vörur og þjónustu eða á annan hátt. Þessi heimild fellur niður frá og með 1. janúar 1995.

■ **6. gr.** Erlendu ríki, sveitarfélagi eða öðru erlendu stjórnvaldi er óheimilt að gefa út skuldabréf á markaði hérlandis nema með leyfi Seðlabankans.

■ **7. gr.** Nú gilda ákveðnar takmarkanir á fjármagnshreyfingum skv. 4. gr., 5. gr., [13. gr. a – 13. gr. n]<sup>1)</sup> eða ákvæðum til bráðabirgða og er þá Seðlabankanum heimilt að veita undanþágur frá þeim samkvæmt umsókn þar að lútandi. Innheimt skal sérstakt 1% leyfisgjald af þeirri fjárhæð sem um ræðir hverju sinni þegar undanþága er veitt. Fjármagnshreyfingar á vegum ríkissjóðs og fjármagnshreyfingar vegna gjaldeyrisviðskipta þeirra aðila, sem leyfi hafa til gjaldeyrisviðskipta, eru ávallt undanþegnar gjaldinu. Gjaldið skal greitt til þess innlends aðila sem milligöngu hefur um gjaldeyrisviðskiptin eða Seðlabankans. Tekjur af gjaldinu renna í ríkissjóð.

□ [Við mat á beiðni um undanþágu skal Seðlabankinn horfa til þess hvaða afleiðingar takmarkanir á fjármagnshreyfingum hafa fyrir umsækjanda, hvaða markmið eru að baki takmörkunum og hvaða áhrif undanþága hefur á stöðugleika í gengis- og peningamálum. . . .<sup>2)</sup><sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 127/2011, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 78/2010, 1. gr. <sup>3)</sup> L. 27/2009, 2. gr.

■ **8. gr.** Seðlabankinn hefur heimild til að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og versla með erlendan gjaldeyri. Öðrum aðilum er óheimilt að hafa milligöngu um gjaldeyrisviðskipti hér á landi nema hafa til þess heimild í lögum eða samkvæmt ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að eða fengið til þess leyfi frá Seðlabankanum.

□ Seðlabankinn setur nánari reglur<sup>1)</sup> [og leiðbeinandi tilmæli]<sup>2)</sup> um skilyrði til gjaldeyrisviðskipta sem gilda fyrir þá aðila sem nefndir eru í 2. málsl. 1. mgr. Í þeim skal m.a. kveðið á um umfang og mörk gjaldeyrisviðskipta hvernar stofnunar, reglulega upplýsingagjöf til Seðlabankans, fullnægjandi innra eftirlits- og upplýsingakerfi og hæfisskilyrði starfsfólks. Í þeim skal enn fremur kveðið á um afturköllun heimilda til gjaldeyrisviðskipta að því er varðar þá aðila sem ekki hafa heimild til slíkra viðskipta í lögum eða samkvæmt ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að.

□ [Komi í ljós að aðili sem nefndur er í 2. málsl. 1. mgr. fylgir ekki reglum og leiðbeinandi tilmælum sem Seðlabanki Íslands setur um skilyrði til gjaldeyrisviðskipta skv. 2. mgr. skal Seðlabankinn krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests, að viðlögðum dagsektum skv. 15. gr. h.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rgl. 387/2002. Rgl. 1098/2008. Rgl. 950/2010, sbr. rgl. 1171/2012 og rgl. 1138/2013. <sup>2)</sup> L. 78/2010, 2. gr.

■ **9. gr.** Ákveða má í reglugerð að viðskipti innlendra aðila við erlenda aðila með verðbréf skuli fara fram fyrir milligöngu þeirra aðila sem hafa heimild til verðbréfamiðlunar hér á landi samkvæmt lögum eða ákvæðum í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að. Þar má jafnframt kveða á um að einstakir flokkar lögaðila séu undanþegnar kröfu þessari og að Seðlabankinn geti veitt einstökum aðilum leyfi til að eiga milliliðalaus verðbréfavíðskipti við erlenda aðila.

■ **10.–13. gr. . . .**<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 120/2011, 81. gr.

■ [13. gr. a. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laga þessara og 9. gr. laga nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, skulu fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti sem tilgreind eru í ákvæðum 13. gr. b – 13. gr. n vera óheimil . . . .]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 16/2013, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 127/2011, 3. gr.

■ [13. gr. b. Eftirfarandi fjármagnshreyfingar milli landa eru óheimilar:

1. Viðskipti og útgáfa verðbréfa, hlutdeildarskírteina í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, peningamarkaðsskjala og annarra framseljanlegra fjármálagerninga.

2. Innlegg á og úttektir af reikningum í lánastofnunum.

3. Lánveitingar, lántökur og útgáfa ábyrgða sem ekki tengjast milliríkjavíðskiptum með vöru og þjónustu.

4. Inn- og útflutningur verðbréfa og innlends og erlends gjaldeyris.

5. Framvirk viðskipti, afleiðuviðskipti, viðskipti með valrétti, gjaldmiðla- og vaxtaskipti og önnur skyld gjaldeyrisviðskipti þar sem íslenska krónan er annar eða einn gjaldmiðlanna.

6. Gjafir og styrkir og aðrar hreyfingar fjármagns hliðstæðar þeim sem taldar eru upp í 1.–5. tölul. og eru til þess fallnar að valda alvarlegum og verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum.

□ Allar fjármagnshreyfingar skv. 1. mgr. á milli landa í erlendum gjaldeyri eru óheimilar nema um sé að ræða greiðslu vegna kaupa á vöru eða þjónustu eða annarra fjármagnshreyfinga sem sérstaklega eru undanþegnar í lögum þessum. [Fjármagnshreyfingar milli landa vegna innflutnings á

erlendum gjaldeyri á innlánsreikning hjá innlendri lánastofnun skulu undanþegnar takmörkunum 1. mgr. Undanþága 2. másl. tekur þó ekki til fjármagnshreyfinga milli landa þegar greiðandi er innlendir aðili og viðtakandi er erlendir aðili.<sup>1)</sup> Þá er einstaklingi sem er erlendir aðili heimilt að flytja út erlendan gjaldeyri ef sýnt er fram á að féð sé til framfærslu [hans erlendis].<sup>1)</sup> Nær heimildin vegna framfærslu til fjármagnshreyfinga á almanaksári fyrir allt að jafnvirði [6.000.000 kr.]<sup>1)</sup> fyrir einstakling, [12.000.000 kr.]<sup>1)</sup> fyrir hjón/sambúðaraðila og [4.000.000 kr.]<sup>1)</sup> fyrir hvert ólöggráða barn sem lýtur forsjá og er með lögheimili hjá framangreindum. [Hafi erlendir aðili fullnýtt framfærsluheimild samkvæmt ákvæði þessu getur viðkomandi aðili sótt um undanþágu til Seðlabanka Íslands, sbr. 13. gr. o, vegna hækkunar á framfærsluheimild.]<sup>1)</sup> Enn fremur er heimilt að flytja út erlendan gjaldeyri í eigu einstaklings [sem er erlendir aðili]<sup>1)</sup> sé sýnt fram á að fjármunirnir séu andvirði slysabóta eða arfs sem honum hefur tæmst við dánarbússkipti. Námsmenn sem sýnt geta fram á að þeir séu í námi erlendis teljast erlendir aðilar í skilningi þessa ákvæðis.

□ Allar fjármagnshreyfingar skv. 1. mgr. á milli landa í innlendum gjaldeyri, eru óheimilar. Undanþegnar banni 1. másl. eru:

1. Fjármagnshreyfingar sem eru sérstaklega undanþegnar í lögum þessum, [aðrar en vegna vöru- og þjónustuviðskipta],<sup>1)</sup> og greiðsla fer fram með úttektum af reikningi í eigu greiðanda hjá fjármálfyrirtæki hér á landi.

2. Fjármagnshreyfingar vegna vöru- og þjónustuviðskipta, sem ekki [eiga að]<sup>1)</sup> fara fram í erlendum [gjaldeyri, sbr. ákvæði til bráðabirgða II],<sup>1)</sup> þar sem greiðslan fer fram með úttektum af reikningi í eigu kaupanda hjá fjármálfyrirtæki hér á landi.

3. . . .<sup>1)</sup>

[4. Fjármagnshreyfingar vegna greiðslu andvirðis tjónabóta eða arfs sem einstaklingi hefur tæmst við dánarbússkipti þar sem greiðslan fer fram með úttektum af reikningi í eigu greiðanda hjá fjármálfyrirtæki hér á landi.]<sup>1)</sup>

[5.]<sup>1)</sup> . . .<sup>2)</sup>

□ [Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur<sup>3)</sup> um undanþágur frá takmörkunum 1.–3. mgr. Seðlabankinn getur bundið undanþágur í reglunum skilyrðum sem m.a. lúta að uppruna fjármuna, eignarhaldi fjármuna, tilgangi einstakra fjármagnshreyfinga, fjárhæðum einstakra fjármagnshreyfinga og eftirliti og upplýsingagjöf til Seðlabankans. Áður en reglur um undanþágur skv. 1. másl., sem varða einstaka aðila með efnahagsreikninga yfir 400 milljörðum kr. og geta haft umtalsverð áhrif á skuldastöðu þjóðarbúsins og eignarhald viðskiptabanka, eru settar skal haft samráð við ráðherra, og auk þess þann ráðherra sem fer með málefni fjármálamarkaðar, og skulu reglurnar staðfestar af ráðherra.]<sup>4)</sup>

□ [Reikningar erlendra fjármálfyrirtækja í innlendum gjaldeyri (Vostro-reikningar) teljast ekki til reikninga hjá fjármálfyrirtæki hér á landi, sbr. skilyrði 1.–4. tölul. 3. mgr.]<sup>1)</sup><sup>5)</sup>

<sup>1)</sup> L. 35/2013, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 17/2012, 1. gr. <sup>3)</sup> Rgl. 565/2014. <sup>4)</sup> L. 16/2013, 2. gr. <sup>5)</sup> L. 127/2011, 3. gr.

■ [13. gr. c. Gjaldeyrisviðskipti milli innlendra og erlendra aðila þar sem innlendir gjaldeyrir er hluti af viðskiptunum eru óheimil.

□ Innlendum aðila er óheimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálfyrirtæki hér á landi, þegar greiðsla fer fram með innlendum gjaldeyri, nema hann sýni fram á að féð sé

til notkunar í vöru- og þjónustuviðskiptum eða vegna fjármagnshreyfinga [sem undanþegnar eru samkvæmt ákvæðum 13. gr. f],<sup>1)</sup> 13. gr. g og 13. gr. k [vegna slíkra greiðslna til erlendra aðila].<sup>1)</sup> Gjaldeyrisviðskipti vegna vöru- og þjónustuviðskipta milli tveggja innlendra aðila, [þar sem innlendir gjaldeyrir er hluti af viðskiptunum],<sup>1)</sup> eru óheimil.

□ Þrátt fyrir 1. mgr. er erlendum aðila heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálfyrirtæki hér á landi vegna fjármagnshreyfinga [sem undanþegnar eru]<sup>1)</sup> skv. 13. gr. j, vegna slíkra greiðslna frá innlendum aðila hér á landi, og [sem undanþegnar eru skv.]<sup>1)</sup> 2. mgr. 13. gr. k. Þá er erlendum aðilum heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri hjá fjármálfyrirtæki hér á landi þar sem hann er með viðskipti sín ef sýnt er fram á að féð sé til framfærslu [hans erlendis].<sup>1)</sup> Nær heimildin vegna framfærslu til kaupanda á erlendum gjaldeyri á almanaksári fyrir allt að jafnvirði [6.000.000 kr.]<sup>1)</sup> fyrir einstakling, [12.000.000 kr.]<sup>1)</sup> fyrir hjón/sambúðaraðila og [4.000.000 kr.]<sup>1)</sup> fyrir hvert ólöggráða barn sem lýtur forsjá og er með lögheimili hjá framangreindum. Enn fremur er heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri fyrir andvirði slysabóta eða arfs sem einstaklingi hefur tæmst við dánarbússkipti. Námsmenn sem sýnt geta fram á að þeir séu í námi erlendis teljast erlendir aðilar í skilningi þessa ákvæðis.

□ Jafnframt er erlendum aðilum heimilt að kaupa innlendan gjaldeyri hjá fjármálfyrirtæki hér á landi.

□ [Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur<sup>2)</sup> um undanþágur frá takmörkunum 1.–3. mgr. Seðlabankinn getur bundið undanþágur í reglunum skilyrðum sem m.a. lúta að uppruna fjármuna, eignarhaldi fjármuna, tilgangi einstakra fjármagnshreyfinga, fjárhæðum einstakra fjármagnshreyfinga og eftirliti og upplýsingagjöf til Seðlabankans. Áður en reglur um undanþágur skv. 1. másl., sem varða einstaka aðila með efnahagsreikninga yfir 400 milljörðum kr. og geta haft umtalsverð áhrif á skuldastöðu þjóðarbúsins og eignarhald viðskiptabanka, eru settar skal haft samráð við ráðherra, og auk þess þann ráðherra sem fer með málefni fjármálamarkaðar, og skulu reglurnar staðfestar af ráðherra.]<sup>3)</sup><sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 35/2013, 2. gr. <sup>2)</sup> Rgl. 565/2014. <sup>3)</sup> L. 16/2013, 3. gr. <sup>4)</sup> L. 127/2011, 3. gr.

■ [13. gr. d. Kaup . . .<sup>1)</sup> á [erlendum]<sup>1)</sup> gjaldeyri í reiðufé eru óheimil . . .<sup>1)</sup> Sama á við um úttektir [erlendis gjaldeyris]<sup>1)</sup> í reiðufé af gjaldeyrisreikningum í fjármálfyrirtækjum hér á landi.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er einstaklingi sem er innlendir aðili heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri í reiðufé hjá fjármálfyrirtæki hér á landi þar sem aðili er með viðskipti sín eða taka erlendan gjaldeyri í reiðufé út af gjaldeyrisreikningi í fjármálfyrirtæki hér á landi að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

1. Að [erlendi]<sup>1)</sup> gjaldeyrrinn sé ætlaður til notkunar vegna ferðalaga erlendis. Við kaup eða úttekt skal einstaklingur sýna fram á fyrirhugaða ferð með framvísun farmiða eða kvittunar fyrir greiðslu á ferð sinni sem fyrirhuguð er innan fjögurra vikna. Þegar um er að ræða áhafnar meðlimi sem ekki hafa farseðil skal sýnt fram á ferðalag með framvísun vaktaskipulags eða öðrum sannanlegum hætti.

2. Að ekki sé keyptur eða tekinn út erlendir gjaldeyrir í reiðufé fyrir [allt að jafnvirði]<sup>1)</sup> 350.000 kr. . . .<sup>1)</sup> fyrir hvern einstakling skv. 1. tölul. í hverjum almanaksmánuði.

3. Að sýnt sé fram á að einstaklingur, eða forráðamaður hans ef um ólöggráða einstakling er að ræða, sé eigandi fjármunanna sem greiddir eru fyrir erlenda gjaldeyri, eða gjaldeyrisreikningsins sem tekið er út af. Þrátt fyrir ákvæði

1. máls. er einstaklingi þó heimilt að kaupa gjaldeyri fyrir maka.

4. Að einstaklingurinn sem tilgreindur var við kaup eða úttekt [erlenda]<sup>1)</sup> gjaldeyrisins fari sjálfur með féð úr landi.

□ Verði ekki af fyrirhugaðri ferð skal [erlendum]<sup>1)</sup> gjaldeyri skilað til fjármálfyrirtækis hér á landi innan [þriggja]<sup>1)</sup> vikna frá því að það liggur fyrir.

□ Einstaklingur sem er innlendir aðili og dvelur tímabundið erlendis, lengur en einn almanaksmánuð en þó ekki lengur en sex almanaksmánuði í senn, hefur, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., heimild til að kaupa erlenda gjaldeyri [fyrir allt að 350.000 kr.]<sup>1)</sup> í hverjum almanaksmánuði sem hann dvelur erlendis og flytja hann erlendis, á reikning sinn hjá fjármálfyrirtæki þar sem hann dvelur [í þeim tilgangi að nýta þann erlenda gjaldeyri til vöru- og þjónustuviðskipta].<sup>1)</sup>

□ Þá hefur einstaklingur, sem er erlendir aðili og er staddur hér á landi tímabundið vegna ferðalaga, heimild til að kaupa erlenda gjaldeyri hjá fjármálfyrirtæki hér á landi, fyrir allt að jafnvirði 350.000 kr. í reiðufé í hverjum almanaksmánuði, ef sýnt er fram á að féð sé til notkunar á ferðalögum erlendis.

□ Fjármálfyrirtæki hér á landi getur sótt um undanþágu frá 2. mgr. sem heimilar útbúi fjármálfyrirtækis að selja einstaklingi, sem er innlendir aðili en ekki með viðskipti sín hjá viðkomandi fjármálfyrirtæki, erlenda gjaldeyri fyrir allt að jafnvirði 350.000 kr. í reiðufé í hverjum almanaksmánuði, ef sýnt er fram á að féð sé til notkunar á ferðalögum erlendis. Seðlabanki Íslands skal birta opinberlega upplýsingar um þá aðila sem fá undanþágu á grundvelli ákvæðisins.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 35/2013, 3. gr. <sup>2)</sup> L. 127/2011, 3. gr.

■ [13. gr. e. Fjárfesting í verðbréfum, hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, peningamarkaðsskjölum eða öðrum framseljanlegum fjármálagerningum útgefnum í erlendum gjaldeyri er óheimil. Þó er aðilum sem fjárfest hafa í slíkum fjármálagerningum fyrir 28. nóvember 2008 heimilt að endurfjárfesta. Nú eru fjármunir sem losna við sölu eða uppgreiðslu, eða falla til vegna [arðgreiðslna og afborgana vaxta og höfuðstóls],<sup>1)</sup> nýttir í heild eða að hluta til að fjárfesta aftur í hvers konar erlendri fjárfestingu innan [sex mánaða]<sup>1)</sup> og telst það þá endurfjárfesting í skilningi 2. máls. [Meðan frestur til að endurfjárfesta er að líða skulu fjármunir skv. 3. máls. undanþegnir ákvæði 13. gr. 1.]<sup>1)</sup>

□ Söluandvirði vegna viðskipta með fjármálagerning skv. 1. mgr., útgefnin í innlendum gjaldeyri, milli innlendra og erlendra aðila sem gerð eru upp hérlendis skal leggja inn á reikning viðkomandi seljanda í fjármálfyrirtæki hér á landi.

□ Uppgjör viðskipta í erlendum gjaldeyri með fjármálagerningum skv. 1. mgr., útgefna í innlendum gjaldeyri, er óheimilt.

□ Óheimilt er að gefa út og/eða selja fjármálagerninga skv. 1. mgr. þar sem uppgjör fer fram í öðrum gjaldeyri en útgáfan og innlendir gjaldeyrir er einn af gjaldmiðlum uppgjörs. Hafi útgáfa farið fram í innlendum gjaldeyri er skylt að leggja andvirði sölu inn á reikning í innlendum gjaldeyri á nafni útgefanda í fjármálfyrirtæki hér á landi.

□ Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna fyrirframgreiðslu af fjármálagerningum skv. 1. mgr. eru óheimilar.<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 35/2013, 4. gr. <sup>2)</sup> L. 127/2011, 3. gr.

■ [13. gr. f. Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna fjárfestinga í peningakröfum í erlendum gjaldeyri og öðrum sambærilegum kröfuréttindum sem ekki falla undir 13. gr. e, eru óheimilar.

□ Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna fasteignaviðskipta erlendis eru óheimilar nema sýnt sé fram á að við-

skiptin séu gerð vegna búferlaflutninga aðila. Hámarksfjárhæð gjaldeyriskaupa og fjármagnsflutninga vegna kaupa á einni fasteign sem tengjast búferlaflutningum er jafnvirði 100.000.000 kr. [Gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á grundvelli þessa ákvæðis eru háðar því skilyrði að tilkynning um fasteignakaupin hafi hlotið staðfestingu Seðlabanka Íslands. Seðlabankinn setur nánari reglur<sup>1)</sup> um framkvæmd þessa ákvæðis.]<sup>2)</sup>

□ [Þeim aðilum sem fjárfest hafa með erlendum gjaldeyri í fasteign, sem staðsett er erlendis, fyrir 28. nóvember 2008 er heimilt að endurfjárfesta. Nú eru fjármunir sem losna við sölu eða greiðslu tjónabóta slíkrar fasteignar nýttir í heild eða að hluta til að fjárfesta aftur í annarri fasteign innan sex mánaða og telst það þá endurfjárfesting í skilningi 1. máls. Meðan frestur til að endurfjárfesta er að líða skulu fjármunir skv. 2. máls. undanþegnir ákvæði 13. gr. 1. Leigutekjur sem innlendir aðili fær af fasteign sinni erlendis er heimilt að nýta til að greiða fyrir rekstrarkostnað af þeirri fasteign þrátt fyrir 13. gr. 1. Með rekstrarkostnaði er m.a. átt við greiðslur afborgana af láni sem hvílir á og/eða tekið var vegna kaupa á fasteigninni.]<sup>2)</sup>

□ Fjármagnshreyfingar á milli landa vegna fjárfestingar í öðrum eignum í erlendum gjaldeyri, þ.m.t. hrávöru, farartækjum og vinnuvélum, sem eru hvorki eðlilegur þáttur í atvinnustarfsemi aðila né ætluð til innflutnings fyrir framleiðslu hans, eru óheimilar. Þrátt fyrir bann 1. máls. eru gjaldeyriskaup og fjármagnshreyfingar á milli landa vegna kaupa á vélknúnu ökutæki heimil í eitt skipti, séu kaupin í tengslum við búferlaflutninga kaupandans úr landi, enda nemi fjárhæðin eigi meira en jafnvirði 10.000.000 kr. [Þeim aðilum sem fjárfest hafa með erlendum gjaldeyri í vélknúnu ökutæki, sem staðsett er erlendis, fyrir 28. nóvember 2008 er heimilt að endurfjárfesta. Nú eru fjármunir sem losna við sölu eða greiðslu tjónabóta slíks vélknúns ökutækis nýttir í heild eða að hluta til að fjárfesta í öðru vélknúnu ökutæki innan sex mánaða og telst það þá endurfjárfesting í skilningi 3. máls. Meðan frestur til að endurfjárfesta er að líða skulu fjármunir skv. 4. máls. undanþegnir ákvæði 13. gr. 1.]<sup>2)</sup>

□ [Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. skal einstaklingum sem eru innlendir aðilar heimilt að kaupa og flytja inn eitt farartæki erlendis frá á almanaksári fyrir allt að jafnvirði 10.000.000 kr. enda sé farartækið ætlað til eigin nota innan lands. Gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á grundvelli þessa ákvæðis eru háðar því skilyrði að tilkynning um kaupin á farartækinu hafi hlotið staðfestingu Seðlabanka Íslands. Seðlabankinn setur nánari reglur<sup>1)</sup> um framkvæmd þessa ákvæðis.]<sup>2)</sup><sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> Rgl. 565/2014. <sup>2)</sup> L. 35/2013, 5. gr. <sup>3)</sup> L. 127/2011, 3. gr.

■ [13. gr. g. Lántökur og lánveitingar milli innlendra og erlendra aðila í öðrum tilvikum en vegna viðskipta á milli landa með vöru og þjónustu eru óheimilar, nema slíkar lántökur og lánveitingar séu milli félaga innan sömu samstæðu.

□ Þrátt fyrir 1. mgr. skulu . . . <sup>1)</sup> lánveitingar [innlendra aðila til erlendra aðila]<sup>1)</sup> sem uppfylla eftirfarandi skilyrði vera heimilar:

1. Lán hvers aðila sé eigi hærra en sem nemur 10.000.000 kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í gjaldeyri á almanaksárinu.

2. Lánstími sé eigi skemmri en eitt ár.

3. Gjaldeyrisyfurfærslur vegna lánsins séu í samræmi við ákvæði 13. gr. 1.

4. Lánasamningar, þ.m.t. allir viðaukar og fylgiskjöl, séu sendir til þess fjármálfyrirtækis sem annast fjármagnshreyfingar, innan viku frá undirskrift slíkra samninga.

□ [Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu lántökur innlendra aðila hjá erlendum aðilum í erlendum gjaldeyri sem uppfylla eftirfarandi skilyrði vera heimilar:

1. Lánstími sé eigi skemmi en tvö ár.

2. Gjalddeyrisfyrirslur vegna lánsins séu í samræmi við ákvæði 13. gr. l.

3. Lánasamningar, þ.m.t. allir viðaukar og fylgiskjöl, séu sendir til þess fjármálfyrirtækis sem annast fjármagnshreyfingar, innan viku frá undirskrift slíkra samninga.]<sup>1)</sup>

□ Óheimilt er að fyrirframgreiða . . .<sup>1)</sup> lántökur innlendra aðila [hjá erlendum aðilum].<sup>1)</sup>

□ Óheimilt er að endurgreiða lán milli innlendra og erlendra aðila með innlendum gjaldeyri ef lánveitingin fór fram í erlendum gjaldeyri. Óheimilt er að endurgreiða lán milli innlendra og erlendra aðila með erlendum gjaldeyri ef lánveitingin fór fram í innlendum gjaldeyri.

□ Ákvæði þessarar greinar koma ekki í veg fyrir að lántökur og lánveitingar milli innlendra og erlendra aðila séu framlengdar, að því gefnu að aðrir skilmálar gildi að sama leyti og áður. [Allar skilmálabreytingar sem gerðar eru á lántökum og lánveitingum milli innlendra aðila og erlendra aðila, m.a. breytingar á greiðslu afborgana höfuðstóls og vaxta, breytingar á gjalddögum og/eda breytingar vegna aðilaskipta að slíkum kröfuréttindum, teljast ný lántaka og lánveiting í skilningi 1. mgr.]<sup>1)2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 35/2013, 6. gr. <sup>2)</sup> L. 127/2011, 3. gr.

■ [13. gr. h. Óheimilt er að ganga í eða takast á hendur ábyrgð á greiðslum [til]<sup>1)</sup> erlendra aðila.

□ Ákvæði þessarar greinar gilda hvorki um ábyrgðir vegna vöru- og þjónustuviðskipta né um ábyrgðir milli félaga innan samstæðu [eða um ábyrgðir sem veittar eru í tengslum við lántökur innlendra aðila hjá erlendum aðilum, sem ekki teljast til tengdra aðila, og uppfylla skilyrði 3. mgr. 13. gr. g].<sup>1)2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 35/2013, 7. gr. <sup>2)</sup> L. 127/2011, 3. gr.

■ [13. gr. i. Óheimilt er að eiga afleiðuviðskipti þar sem innlendir gjaldeyri er í samningi gagnvart erlendum gjaldeyri, hvort sem um er að ræða gjaldeyris- eða verðbréfasamning eða sambland gjaldeyris- og verðbréfasamnings eða sambærilega fjármálagerninga.

□ Afleiðuviðskipti sem eingöngu eru vegna vöru- og þjónustuviðskipta falla ekki undir þetta ákvæði.

□ [Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur sem kveða á um undanþágur frá banni 1. mgr. sem m.a. fela í sér heimild til afleiðuviðskipta á sérstökum markaði. Seðlabankinn getur bundið undanþágur í reglunum skilyrðum sem m.a. lúta að uppruna fjármuna, eignarhaldi fjármuna, tilgangi einstakra fjármagnshreyfinga og eftirliti og upplýsingagjöf til Seðlabankans.]<sup>1)2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 35/2013, 8. gr. <sup>2)</sup> L. 127/2011, 3. gr.

■ [13. gr. j. Fjármagnshreyfingar á milli landa [og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra]<sup>1)</sup> vegna greiðslu á vöxtum, verðbótum, arði og samningsbundnum afborgunum eru undanþegnar [lögum]<sup>1)</sup> þessum, sbr. [2. mgr.]<sup>1)</sup> og 1. tölul. 3. mgr. 13. gr. b og 2. og 3. mgr. 13. gr. c. Innlendum aðilum er heimilt að kaupa erlendan gjaldeyri til greiðslu samningsbundinna afborgana lána í erlendum gjaldeyri, hjá því innlenda fjármálfyrirtæki sem veitti viðkomandi lán.

□ [Með vöxtum skv. 1. mgr. er aðeins átt við vexti af innstæðum í innlendum fjármálfyrirtækjum, áfallna vexti af

skuldabréfum sem útgefin eru af innlendum aðilum og vexti af lánsamningum þar sem erlendir aðili er lánveitandi og innlendir aðili lántaki.]<sup>1)</sup>

□ Við útreikning á vöxtum skv. 1. mgr., vegna skuldabréfa sem safna vöxtum daglega, skulu vextir reiknast í hlutfalli við þann tíma sem aðili hefur átt bréfið. Vexti af eingreiðslubréfum með forvöxtum, t.d. af ríkisvixlum, skal reikna sem mun á milli útgáfuverðs (kaupverðs á útgáfudegi) og nafnverðs. Vextir eingreiðslubréfa falla jafnt (línulega) yfir líftíma bréfsins.

□ Með verðbótum í skilningi 1. mgr. er átt við verðbætur á vöxtum og höfuðstólsgreiðslum.

□ [Þrátt fyrir 1. mgr. skulu afborganir og verðbætur af höfuðstól skuldabréfa ekki undanþegnar bannákvæði 2. og 3. mgr. 13. gr. c.]<sup>2)</sup>

□ [Með arði skv. 1. mgr. er aðeins átt við arðgreiðslur á grundvelli hagnaðar vegna reglulegrar starfsemi félags, þó ekki vegna sölu eigna. Greiðslur til hluthafa sem falla til við lækkan hlutfjár, í tengslum við slit á félagi eða til hluthafa sem hafa fengið fullnaðargreiðslu krafna sinna, að hluta eða að öllu leyti með útgáfu hlutfjár í hinu áður skuldsetta félagi, t.d. í samræmi við ákvæði nauðasamnings, teljast ekki arður í skilningi 1. mgr.]<sup>3)</sup>

□ Gjalddeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslna samkvæmt ákvæði þessu verða að hafa átt sér stað innan sex mánaða frá því að þær komust eða gátu komist í umráð eiganda eða umboðsmanns hans.

□ [Fyrirframgreiðslur og greiðslur vegna gjaldfellinga [samkvæmt ákvæðum nauðasamnings]<sup>3)</sup> eða gjaldþrotaskipta teljast ekki til samningsbundinna afborgana í skilningi 1. mgr.

□ Gjalddeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa vegna greiðslna samkvæmt ákvæði þessu skulu hafa hlotið staðfestingu Seðlabanka Íslands áður en þær eru framkvæmdar. Seðlabanki Íslands setur reglur<sup>4)</sup> um framkvæmd þessa ákvæðis.]<sup>1)5)</sup>

<sup>1)</sup> L. 35/2013, 9. gr. <sup>2)</sup> L. 17/2012, 2. gr. <sup>3)</sup> L. 67/2014, 1. gr. <sup>4)</sup> Rgl. 565/2014. <sup>5)</sup> L. 127/2011, 3. gr.

■ [13. gr. k. Þrátt fyrir bann 6. tölul. 1. mgr. 13. gr. b eru fjármagnshreyfingar á milli landa vegna gjafa og styrkja innlendra aðila til erlendra aðila, svo sem einstaklinga, góðgerðasamtaka eða hliðstæðra aðila, heimilar fyrir allt að 3.000.000 kr. á almanaksári. Fjármagnshreyfingar vegna gjafa og styrkja skulu lagðar inn á reikning í eigu móttakanda og skulu gefandi og styrkveitandi vera raunverulegir eigendur þeirra fjármuna sem um ræðir.

□ Laun sem erlendir aðili hefur aflað hérlandis síðastliðna sex mánuði eru undanþegin [lögum]<sup>1)</sup> þessum, sbr. [2. mgr.]<sup>1)</sup> og 1. tölul. 3. mgr. 13. gr. b. Þá skulu gjalddeyrisviðskipti vegna slíkra fjármagnshreyfinga ekki takmarkast af . . .<sup>1)</sup> 13. gr. c. Það sama á við um laun innlands aðila sem búsettur er erlendis vegna starfs eða náms. Námslán, atvinnuleysisbætur, lífeyrisgreiðslur, þ.m.t. elli- og örorkulífeyrir og greiðslur vegna félagslegrar aðstoðar og aðrar sambærilegar greiðslur, teljast laun í skilningi þessarar málsgreinar.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 35/2013, 10. gr. <sup>2)</sup> L. 127/2011, 3. gr.

■ [13. gr. l. Öllum erlendum gjaldeyri sem innlendir aðilar eignast, svo sem fyrir seldar vörur og þjónustu, eða með öðrum hætti, skal skilað [á innlánsreikning í eigu þess innlenda aðila hjá fjármálfyrirtæki]<sup>1)</sup> hér á landi innan þriggja vikna frá því að gjaldeyriinn komst eða gat komist í umráð eiganda eða umboðsmanns hans. Skilaskylda skv. 1. málsl. er uppfyllt

þegar erlendur gjaldeyris er varðveittur á gjaldeyrisreikningi hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.

□ Skilaskylda nær ekki til innlendra aðila sem hafa búsetu erlendis vegna starfs eða náms.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 35/2013, 11. gr. <sup>2)</sup> L. 127/2011, 3. gr.

■ [13. gr. m. Innlend nýfjárfesting skal vera ótakmörkuð.

□ Nýfjárfesting í skilningi þessa ákvæðis er fjárfesting sem gerð er eftir 31. október 2009 fyrir nýtt innstreymi erlendis gjaldeyris, sem skipt er í innlendan gjaldeyri hjá fjármálafyrirtæki hér á landi. Afleiðusamningar teljast ekki til nýfjárfestingar. Innstæður á erlendum gjaldeyrisreikningum í innlendum fjármálafyrirtækjum, sem urðu til fyrir 31. október 2009, og tekjur vegna útlutningsviðskipta teljast ekki til nýs innstreymis erlendis gjaldeyris.

□ Gjaldyrisviðskipti, þar sem nýju innstreymi erlendis gjaldeyris er skipt í innlendan gjaldeyri í samræmi við 2. mgr., falla ekki undir 1. mgr. 13. gr. c.

□ Fjárfestir skal, með aðstoð fjármálafyrirtækis hér á landi, tilkynna um nýfjárfestingu til Seðlabanka Íslands innan tveggja vikna frá því að nýju innstreymi erlendis gjaldeyris er skipt í innlendan gjaldeyri. Slíkri tilkynningu skulu fylgja gögn sem sýna fram á að um nýfjárfestingu í skilningi þessa ákvæðis sé að ræða.

□ Að fenginni staðfestingu Seðlabankans um að fjármunir hafi losnað við sölu á nýfjárfestingu skulu slíkir fjármunir ekki falla undir takmarkanir skv. 13. gr. b og 13. gr. c.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 127/2011, 3. gr.

■ [13. gr. n. Seðlabanki Íslands og ríkissjóður eru undanþegnir 13. gr. b – [13. gr. l]<sup>1)</sup> laga þessara.

□ Eftirfarandi aðilar skulu undanþegnir 13. gr. b – [13. gr. l]<sup>1)</sup> laga þessara að undanskildum 3. mgr. 13. gr. b, 13. gr. c og 13. gr. i:

1. Innlendir aðilar sem eru aðilar að fjárfestingarsamningi við íslenska ríkið.

2. Innlendir aðilar sem starfa samkvæmt leyfi [þess ráðherra er fer með málefni jarðrænna auðlinda]<sup>2)</sup> til olfuleitar samkvæmt lögum nr. 13/2001.

□ Eftirfarandi aðilar eru undanþegnir 1. mgr. 13. gr. e, 1. mgr. 13. gr. f og ákvæðum 13. gr. g og 13. gr. h:

1. Fyrirtæki í meirihlutaeigu ríkissjóðs, sem starfa samkvæmt sérlögum.

2. Sveitarfélög og fyrirtæki í meirihlutaeigu sveitarfélaga, sem starfa samkvæmt sérlögum.

□ Lögaðili, sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið við yfirráðum yfir með því að skipa honum skilanevnd eða bráðabirgðastjórn, og lögaðili, sem héraðsdómari hefur skipað slitastjórn samkvæmt lögum nr. 161/2002, eru undanþegnir . . . <sup>3)</sup> 13. gr. e, 1. mgr. 13. gr. f, 13. gr. g, 13. gr. h og 13. gr. l.

□ [Innstæður í reiðufé í erlendum gjaldeyri í eigu lögaðila skv. 4. mgr. hjá erlendum fjármálafyrirtækjum eða hjá Seðlabanka Íslands eins og þær stóðu við lok dags 12. mars 2012 skulu jafnframt undanþegnar bannákvæði 2. mgr. 13. gr. b. Fjármagnshreyfingar sem framkvæmdar eru á grundvelli 1. másl. þessarar málsgreinar skulu tilkynntar Seðlabanka Íslands. . . . <sup>4)</sup>]<sup>3)</sup>

□ Fyrirtæki, sem hafa yfir 80% af tekjum og 80% af gjöldum erlendis, geta fengið undanþágu frá 1. mgr. 13. gr. e, 1. mgr. 13. gr. f, 13. gr. g, 13. gr. h og 13. gr. l. Þau fyrirtæki sem telja sig uppfylla skilyrði 1. másl. skulu senda umsókn til Seðlabanka Íslands og sýna fram á að þau uppfylli skilyrðin ásamt staðfestingu löggilts endurskoðanda. Seðlabanki Íslands birtir lista yfir þá aðila sem fá undanþágu á þessum

grundvelli. Fyrirtæki sem fá undanþágu samkvæmt þessari málsgrein skulu þegar 12 mánuðir eru liðnir frá staðfestingu Seðlabankans um undanþágu sýna fram á að þau uppfylli enn þá skilyrði þessarar málsgreinar og senda gögn því til staðfestingar til Seðlabanka Íslands ásamt staðfestingu löggilts endurskoðanda þar um. Skal slík staðfesting berast Seðlabankanum á 12 mánaða fresti eftir það. Komi í ljós að fyrirtæki uppfylli ekki lengur skilyrði þessarar málsgreinar verður undanþágan felld úr gildi.

□ Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánaþyrirtæki, sem starfa undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, aðrir en lögaðilar sem falla undir 4. mgr., hafa heimild til að eiga gjaldyrisviðskipti sín á milli með beinum viðskiptum, framvirkum samningum og skiptasamningum. Einnig eru viðskiptabankar, sparisjóðir og lánaþyrirtæki undanþegin ákvæðum 13. gr. g, 13. gr. h og 13. gr. l. Viðskiptabönkum, sparisjóðum og lánaþyrirtækjum er heimilt að taka á móti peningamarkaðsinnlánunum í innlendum gjaldeyri frá erlendum aðilum, í samræmi við heimildir þeirra samkvæmt lögum nr. 161/2002.]<sup>5)</sup>

<sup>1)</sup> L. 35/2013, 12. gr. <sup>2)</sup> L. 21/2012, 3. gr. <sup>3)</sup> L. 17/2012, 3. gr. <sup>4)</sup> L. 16/2013, 4. gr. <sup>5)</sup> L. 127/2011, 3. gr.

■ [13. gr. o. Ákvæði 7. gr. gilda um heimildir Seðlabanka Íslands til að veita undanþágu frá ákvæðum 13. gr. b – 13. gr. n. Þó skal ekki innheimta leyfisgjald þegar undanþágu eru veittar. Seðlabankinn getur sett skilyrði fyrir undanþágu. Þrátt fyrir orðalag 7. gr. getur Seðlabankinn veitt almennar undanþágu án undangenginnar umsóknar þar að lútandi. Umsóknir um undanþágu skulu berast Seðlabankanum bréfléga ásamt gögnum er málið varða.

□ [Undanþágu skv. 1. mgr. skulu aðeins veittar að höfðu samráði við ráðherra, og auk þess þann ráðherra sem fer með málefni fjármálamarkaðar, og að undangenginni kynningu ráðherra á efnahagslegum áhrifum þeirra fyrir efnahags- og viðskiptanevnd Alþingis falli þær undir eftirfarandi skilyrði:

a. undanþága varðar fjármálafyrirtæki eða lögaðila sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið við yfirráðum yfir með því að skipa honum skilanevnd eða bráðabirgðastjórn eða lögaðila sem héraðsdómari hefur skipað slitastjórn samkvæmt lögum nr. 161/2002 og hún felur í sér heimild til gjaldyrisviðskipta og fjármagnshreyfinga milli landa fyrir hærri fjárhæð en nýmur 25 milljörðum kr. á einu ári, eða

b. undanþága varðar lögaðila með efnahagsreikning yfir 400 milljörðum kr. og hún getur haft umtalsverð áhrif á skuldastöðu þjóðarþúsins og varðað eignarhald viðskiptabanka.

□ Við útreikning fjárhæða skv. 2. mgr. skal taka mið af opinberu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands á þeim degi er ákvörðun bankans liggur fyrir.]<sup>1)</sup>

□ Seðlabankinn getur sett nánari reglur<sup>2)</sup> um framkvæmd ákvæða 13. gr. b – 13. gr. n.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 16/2013, 5. gr. <sup>2)</sup> Rgl. 565/2014. <sup>3)</sup> L. 127/2011, 3. gr.

■ [13. gr. p. [Skylt er, að viðlögum dagsektum skv. 15. gr. h, að veita Seðlabanka Íslands allar þær upplýsingar er varða gjaldyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar sem hann telur nauðsynlegar svo hann geti fylgst með því að starfsemi aðila sé í samræmi við ákvæði 13. gr. a – 13. gr. o, ákvæði til bráðabirgða II, ákvæði 1. mgr. 8. gr. og önnur ákvæði sem standa í tengslum við takmarkanir á gjaldyrisviðskiptum og fjármagnshreyfingum. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða

þau skipti annarra aðila við hann sem hann getur veitt upplýsingar um og varða athuganir og eftirlit Seðlabankans. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til að veita upplýsingar og aðgang að gögnum.

□ Þegar takmarkanir samkvæmt ákvæði 13. gr. a – 13. gr. o, ákvæði til bráðabirgða II, ákvæði 1. mgr. 8. gr. og öðrum ákvæðum sem standa í tengslum við takmarkanir á gjalddeyrisskiptum og fjármagnshreyfingum eru ekki lengur til staðar skal Seðlabanki Íslands eyða þeim upplýsingum sem aflað er á grundvelli 1. mgr. þessarar greinar. Það á þó ekki við um gögn er varða meint brot gegn lögum um gjaldeyrisfjármál og upplýsingar sem liggja til grundvallar niðurstöðum rannsókna á meintum brotum.

□ Seðlabanka Íslands er heimilt að setja nánari reglur<sup>1)</sup> um framkvæmd 1. og 2. mgr., svo sem um skráningar- og tilkynningarskyldu vegna reikninga innlendra aðila í erlendum innlánsstofnunum, framlagningu gagna, almenna upplýsingagjöf og gerð eyðublaða.<sup>2)</sup><sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> Rgl. 565/2014. <sup>2)</sup> L. 35/2013, 13. gr. <sup>3)</sup> L. 127/2011, 3. gr.

■ [13. gr. q. . . .]<sup>1)</sup><sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 16/2013, 6. gr. <sup>2)</sup> L. 127/2011, 3. gr.

■ [14. gr.]<sup>1)</sup> [Skylt er að veita Seðlabankanum allar þær upplýsingar um gjaldeyrisviðskipti sem hann kann að óska eftir til að hann geti sinnt nauðsynlegu eftirliti, að viðlögdum dagsektum skv. 15. gr. h. Að sama skapi ber að veita bankanum allar nauðsynlegar upplýsingar til hagskýrslugerðar, sbr. ákvæði laga um Seðlabanka Íslands.]<sup>2)</sup> Bankanum er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd gjaldeyrisviðskipta, svo sem um skráningar- og tilkynningarskyldu vegna reikninga innlendra aðila í erlendum innlánsstofnunum, framlagningu gagna, almenna upplýsingagjöf og gerð eyðublaða.

<sup>1)</sup> L. 128/1999, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 78/2010, 3. gr.

■ [15. gr.]<sup>1)</sup> Þeir sem annast framkvæmd þessara laga eru bundnir þagnarskyldu um hagi einstakra viðskiptamanna og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

<sup>1)</sup> L. 128/1999, 2. gr.

■ [15. gr. a. . . .]<sup>1)</sup>

□ [Seðlabanka Íslands]<sup>1)</sup> er heimilt að leggja stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn:

1. Reglum settum á grundvelli 3. gr. um takmarkanir eða stöðvun tiltekinna skammtímahreyfinga fjármagns í allt að sex mánuði.

2. 4. gr. um takmarkanir á gjaldeyrisviðskiptum vegna fjármagnshreyfinga vegna beinna fjárfestinga erlendra aðila í atvinnurekstri, viðskipta erlendra aðila með hlutabréf í innlendum fyrirtækjum og fasteignakaupa erlendra aðila hér á landi.

[3. 8. gr. um milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og verslun með erlendan gjaldeyri [eða reglum sem settar eru á grundvelli hennar].<sup>2)</sup><sup>3)</sup>

[4.]<sup>3)</sup> 10. gr. um skyldu aðila sem annast gjaldeyrisviðskipti til að hafa til reiðu upplýsingar um slíka þjónustu.

[5.]<sup>3)</sup> 11. gr. um skyldu aðila til að verða við ósk viðskiptamanns um að ljúka tiltekinni yfirfærslu.

[6.]<sup>3)</sup> 12. gr. um tímamörk til að ljúka yfirfærslu.

[7. 13. gr. a – 13. gr. n um bann við fjármagnshreyfingum og gjaldeyrisviðskiptum [eða reglum sem settar eru á grundvelli þeirra].<sup>1)</sup><sup>4)</sup>

[8.]<sup>4)</sup> 15. gr. um þagnarskyldu.

□ Sektor sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 10 þús. kr. til [65 millj. kr.]<sup>2)</sup> Sektor sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 50 þús. kr. til [250 millj. kr.]<sup>2)</sup> Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. [Ákvarðanir um stjórnvaldssektir eru aðfararhæfar.]<sup>1)</sup> Sektor renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun [Seðlabanka Íslands]<sup>1)</sup> skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

□ Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.<sup>5)</sup>

<sup>1)</sup> L. 78/2010, 4. gr., sbr. einnig bráðkv. í s.l. <sup>2)</sup> L. 35/2013, 14. gr. <sup>3)</sup> L. 73/2009, 1. gr. <sup>4)</sup> L. 127/2011, 4. gr. <sup>5)</sup> L. 134/2008, 1. gr.

■ [15. gr. b. Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða reglur settar á grundvelli þeirra er [Seðlabanka Íslands]<sup>1)</sup> heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. [Seðlabanki Íslands]<sup>1)</sup> setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 78/2010, 5. gr. <sup>2)</sup> L. 134/2008, 1. gr.

■ [15. gr. c. Í máli sem beinist að einstaklingi, sem lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu, hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. [Seðlabanki Íslands]<sup>1)</sup> skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 78/2010, 6. gr. <sup>2)</sup> L. 134/2008, 1. gr.

■ [15. gr. d. Heimild [Seðlabanka Íslands]<sup>1)</sup> til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

□ Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar [Seðlabanki Íslands]<sup>1)</sup> tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 78/2010, 7. gr. <sup>2)</sup> L. 134/2008, 1. gr.

■ [15. gr. e. [Í tengslum við rannsókn mála er Seðlabanka Íslands heimilt að krefja einstaklinga og lögaðila um allar upplýsingar og gögn sem hann telur nauðsynleg. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila sem beiðninni er beint til eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða athuganir og eftirlit Seðlabankans. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarkar ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum. Þetta gildir þó ekki um upplýsingar sem lögmaður öðlast við athugun á lagalegri stöðu skjólstaðings í tengslum við dómsmál, þ.m.t. þegar hann veitir ráðgjöf um hvort höfða eigi mál eða komast hjá máli, eða upplýsingar sem hann öðlast fyrir, á meðan eða eftir lok dómsmáls, ef upplýsingarnar hafa bein tengsl við málið. Seðlabankinn getur kallað til skýrslugjafar einstaklinga sem hann telur búa yfir upplýsingum er varða rannsókn málsins.]<sup>1)</sup>

□ [Telji Seðlabanki Íslands að starfsemi samkvæmt lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra sé stunduð án tilskilinnna leyfa getur hann krafist gagna og upplýsinga sem eru nauðsynlegar til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur hann krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað.

Jafnframt er honum heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem eru taldir þjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.<sup>1)</sup>

□ [Seðlabanki Íslands]<sup>1)</sup> getur krafist kyrrsetningar eigna einstaklings eða lögaðila þegar fyrir liggur rökstuddur grunur um að háttsemi hans fari í bága við ákvæði laga þessara. Um skilyrði og meðferð slíkrar kröfu fer eftir 88. gr. laga um meðferð sakamála, eftir því sem við getur átt.

□ [Seðlabanka Íslands er heimilt að gera sérstakar athuganir og leggja hald á gögn í samræmi við ákvæði laga um meðferð sakamála, enda séu ríkar ástæður til að ætla að einstaklingar og lögaðilar hafi brotið gegn lögum þessum eða reglum sem eru settar á grundvelli þeirra eða ástæða er til að ætla að athuganir eða aðgerðir Seðlabankans nái að öðrum kosti ekki tilætluðum árangri. Skal ákvæðum laga um meðferð sakamála beitt við framkvæmd slíkra aðgerða.]<sup>1)2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 78/2010, 8. gr. <sup>2)</sup> L. 73/2009, 2. gr.

■ [15. gr. f. Í tengslum við athuganir tiltekinna mála er Seðlabanka Íslands heimilt að afla upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum óháð þagnarskyldu þeirra.

□ Seðlabanka Íslands er heimilt að leita til Fjármálaeftirlitsins vegna gagnaöflunar í tengslum við rannsókn tiltekinna mála, eins og heimildir Fjármálaeftirlitsins leyfa.

□ Seðlabankanum er heimilt að eiga gagnkvæm upplýsingaskipti við opinbera aðila erlendis um atriði sem lög þessi taka til að því tilskildu að þær upplýsingar lúti samsvarandi þagnarskyldu í hlutaðeigandi ríki.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 78/2010, 9. gr.

■ [15. gr. g. Seðlabanki Íslands skal athuga svo oft sem þurfa þykir hvort starfsemi aðila sem hafa leyfi til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti skv. 1. mgr. 8. gr. sé í samræmi við ákvæði laga þessara og reglur sem eru settar á grundvelli þeirra. Aðilum skv. 1. másl. er skylt að veita Seðlabanka Íslands aðgang að öllum gögnum í vörslu þeirra er varða starfsemi og Seðlabankinn telur nauðsynleg. Í tengslum við eftirlit sitt samkvæmt lögum þessum getur Seðlabankinn gert vettvangskannanir eða óskað upplýsinga á þann hátt svo oft sem hann telur þörf á.

□ Aðilum sem hafa leyfi til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti skv. 1. mgr. 8. gr. er skylt að láta athuga gaumgæfilega öll viðskipti og fyrirhuguð viðskipti þar sem grunur leikur á að viðskiptin brjóti gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum á grundvelli þeirra og tilkynna Seðlabanka Íslands þegar í stað um slík viðskipti. Kanna skal bakgrunn og tilgang slíkra viðskipta að því marki sem unnt er. Aðilar skv. 1. másl. skulu láta í té allar upplýsingar sem eru taldar nauðsynlegar vegna tilkynningarinnar.

□ Aðilum sem hafa leyfi til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti skv. 1. mgr. 8. gr., stjórnendum, starfsmönnum og öðrum sem vinna í þágu þeirra er skylt að sjá til þess að viðskiptamaður eða annar utanaðkomandi aðili fái ekki vitneskju um að Seðlabanka Íslands hafi verið tilkynnt um grun skv. 2. mgr. Upplýsingagjöf aðila skv. 2. mgr. eða starfsmanna hans sem er veitt í góðri trú samkvæmt ákvæði þessu telst ekki brot á þagnarskyldu sem viðkomandi er bundinn af samkvæmt lögum eða með öðrum hætti. Slík upplýsingagjöf leggur hvorki refsí- né skaðabótaábyrgð á herðar hlutaðeigandi aðilum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 78/2010, 9. gr.

■ [15. gr. h. Seðlabanki Íslands getur lagt dagsektir á aðila veiti hann ekki umbeðnar upplýsingar eða sinni ekki kröfum um úrbætur innan hæfilegs frests. Ákvæði þetta tekur jafnt til lögaðila sem einstaklinga. Sama gildir um aðila sem veitt

geta upplýsingar í þágu athugana samkvæmt ákvæðum þessara laga. Greiðast dagsektirnar þangað til farið hefur verið að kröfum Seðlabankans. Dagsektir leggjast á frá þeim degi sem skila bar upplýsingunum í síðasta lagi og fram að þeim degi sem skyldunni er fullnægt. Dagsektirnar geta numið frá 10.000 kr. til 1 millj. kr. á dag. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots og fjárhagslegs styrkleika viðkomandi aðila.

□ Sé mál höfðað til ógildingar ákvörðunar skv. 1. mgr. innan 14 daga frá því að viðkomandi aðila er tilkynnt um hana og óski hann jafnframt eftir að málið hljóti flytimeðferð er ekki heimilt að innheimta dagsektir fyrr en dómur hefur fallið. Þrátt fyrir málshöfðun til ógildingar ákvörðunar skv. 1. mgr. leggjast dagsektir áfram á viðkomandi aðila.

□ Önnheimtar dagsektir falla ekki niður þótt aðilar verði síðar við kröfum Seðlabanka Íslands nema Seðlabankinn ákveði það sérstaklega.

□ Ákvarðanir um dagsektir samkvæmt þessari grein eru aðfararhæfar.

□ Innheimtar dagsektir renna til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Heimilt er að kveða nánar á um ákvörðun og innheimtu dagsekta í reglugerð.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 78/2010, 9. gr.

■ [16. gr.]<sup>1)</sup> [Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggja þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn:

1. Reglum settum á grundvelli 3. gr. um takmarkanir eða stöðvun tiltekinna skammtímahreyfinga fjármagns í allt að sex mánuði.

2. 4. gr. um takmarkanir á gjaldeyrisviðskiptum vegna fjármagnshreyfinga vegna beinna fjárfestinga erlendra aðila í atvinnurekstri, viðskipta erlendra aðila með hlutabréf í innlendum fyrirtækjum og fasteignakaupa erlendra aðila hér á landi.

[3. 8. gr. um milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og verslun með erlenda gjaldeyri [eða reglum sem settar eru á grundvelli hennar].<sup>2)3)</sup>

[4. 13. gr. a – 13. gr. n um bann við fjármagnshreyfingum og gjaldeyrisviðskiptum [eða reglum sem settar eru á grundvelli þeirra].<sup>2)4)</sup>

[5.]<sup>4)</sup> 15. gr. um þagnarskyldu.]<sup>5)</sup>

<sup>1)</sup> L. 128/1999, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 35/2013, 15. gr. <sup>3)</sup> L. 73/2009, 3. gr. <sup>4)</sup> L. 127/2011, 5. gr. <sup>5)</sup> L. 134/2008, 2. gr.

■ [16. gr. a. Brot gegn lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

□ Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varðar sektum eða fangelsi.

□ Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

□ [Gera má lögaðila fésekt fyrir brot á lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmáður hans eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra má auk refsingar, sem hann sætir, gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drygt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.]<sup>1)2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 67/2014, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 134/2008, 3. gr.



■ **[16. gr. b.** Brot gegn lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra sæta aðeins opinberri rannsókn að undan-genginni kæru [Seðlabanka Íslands]<sup>1)</sup> til lögreglu.

□ Varði meint brot á lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur [Seðlabanki Íslands]<sup>1)</sup> hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá [Seðlabankanum].<sup>1)</sup> Ef brot eru meiri háttar ber [Seðlabanka Íslands]<sup>1)</sup> að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknáður er framinn með sérstaklega vitaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur [Seðlabanki Íslands]<sup>1)</sup> á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til opinberrar rannsóknar. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

□ Með kæru [Seðlabanka Íslands]<sup>1)</sup> skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun [Seðlabanka Íslands]<sup>1)</sup> um að kæra mál til lögreglu.

□ [Seðlabanka Íslands]<sup>1)</sup> er heimilt að láta lögreglu og ákærvaldi í té upplýsingar og gögn sem [Seðlabankinn]<sup>1)</sup> hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. [Seðlabanka Íslands]<sup>1)</sup> er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

□ Lögreglu og ákærvaldi er heimilt að láta [Seðlabanka Íslands]<sup>1)</sup> í té upplýsingar og gögn sem [aflað hefur verið]<sup>1)</sup> og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum [Seðlabanka Íslands]<sup>1)</sup> sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

□ Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórn-sýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til [Seðlabanka Íslands]<sup>1)</sup> til meðferðar og ákvörðunar.<sup>2)</sup>

□ [Seðlabanki Íslands skal upplýsa Fjármálaeftirlitið um kærur til lögreglu á hendur aðilum sem falla undir lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi vegna brota á lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 78/2010, 10. gr. <sup>2)</sup> L. 134/2008, 3. gr.

■ **[16. gr. c.** Nú vill aðili ekki una ákvörðun Seðlabanka Íslands og getur hann þá höfðað mál til ógildingar hennar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar né heimild til aðfarar samkvæmt henni, sbr. þó 2. mgr. 15. gr. h.)<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 78/2010, 11. gr.

■ **[16. gr. d.** Seðlabanka Íslands er heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum er byggjast á lög-um þessum, nema ef slík birting verður talin stefna hagsmunum gjaldeyrismarkaðarins í hættu, varðar ekki hagsmunir hans sem slíks eða veldur hlutadeigandi aðilum tjóni sem er ekki í eðlilegu samræmi við það brot sem um ræðir. Seðla-bankinn skal birta opinberlega þá stefnu sem hann fylgir við framkvæmd slíkrar birtingar.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 78/2010, 11. gr.

■ **[17. gr.]<sup>1)</sup> [[Ráðherra]<sup>2)</sup> fer með framkvæmd laga þessara. Hann setur reglugerð<sup>3)</sup> um framkvæmd þeirra.]<sup>4)</sup> [Seðlabanki Íslands skal fylgjast með að starfsemi aðila sé í samræmi við lög þessi. . . .<sup>5)</sup><sup>6)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 128/1999, 2. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 169. gr. <sup>3)</sup> Rg. 679/1994 (um gjaldeyrismál). Rg. 13/1995. Rg. 56/2000. <sup>4)</sup> L. 128/1999, 3. gr. <sup>5)</sup> L. 78/2010, 12. gr. <sup>6)</sup> L. 134/2008, 4. gr.

■ **[18. gr.]<sup>1)</sup> Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .**

<sup>1)</sup> L. 128/1999, 2. gr.

**Ákvæði til bráðabirgða. . . .**

■ **I.** [[Seðlabankinn getur]<sup>1)</sup> bundið gjaldeyrisviðskipti sín skilyrðum hvað varðar innra skipulag og fjárfestingarstefnu viðskiptamanna, eignarhald og fjármögnun þeirra, lágmarks-tíma á eignarhaldi hluta eða hlutabréfa útfinna af viðskipta-mönnum, ráðstöfun þeirra á gjaldeyri til nánar tilgreindra fjárfestinga og lágmarkstíma á fjárfestingu þeirra.

□ [Ráðherra skal birta opinberlega greinargerð um fram-gang áætlunar um losun takmarkana á fjármagnshreyfingum milli landa og gjaldeyrisviðskiptum á sex mánaða fresti þar til slíkur takmörkunum verður endanlega aflétt. Greinargerð skv. 1. málsl. skal birta í fyrsta sinn innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara.]<sup>1)</sup><sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 16/2013, 7. gr. <sup>2)</sup> L. 127/2011, 6. gr.

■ **II.** Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu greiðslur vegna útflutnings vöru og þjónustu . . .<sup>1)</sup> fara fram í erlendum gjaldmiðli.

□ Fari útflutningsviðskipti fram á milli tengdra aðila skulu þau gerð á grundvelli almennra kjara og venju í viðskiptum óskyldra aðila.

□ Ráðherra getur í reglugerð<sup>2)</sup> sett nánari ákvæði um framkvæmd ákvæðis þessa, m.a. um viðskipti milli tengdra aðila. Þá er ráðherra heimilt að mæla fyrir um skyldu aðila til að skila, með reglubundnum hætti, skýrslu um útflutningsviðskipti, um ráðstöfun söluandvirðis og um önnur atriði er lúta að útflutningi.

□ Brot gegn ákvæði þessu varðar stjórnvaldssektum og refs-ingu skv. 15. gr. a – 15. gr. d, 16. gr., 16. gr. a og 16. gr. b.)<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 16/2013, 8. gr. <sup>2)</sup> Rg. 543/2009, sbr. 803/2010. <sup>3)</sup> L. 27/2009, 3. gr.